



FRAMHALDSSKÓLINN Í  
VESTMANNAEYJUM

2010

# Ársskýrsla Framhaldsskólans í Vestmannaeyjum



Ólafur H. Sigurjónsson

Skólameistari FÍV

15.02.2011

## **Efnisyfirlit:**

Inngangur.....	bls 2
Nemendur.....	bls 2
Námið.....	bls 3
Kennsla og stjórnun.....	bls 3
Rekstur og fjármál.....	bls 4
Talnaefni.....	bls 5

### **1. Inngangur.**

Ársskýrsla Framhaldsskólans í Vestmannaeyjum (FÍV) greinir frá helstu þáttum skólastarfsins á árinu 2010 og samskiptum við Mennta- og menningarráðuneytið (MMR), ásamt öðrum samstarfsaðilum. Í heild sinni hefur skólastarfið gengið vel, þrátt fyrir niðurskurð á rekstrarfé. Starfsfólk og nemendur eru ánægð og bæjarbúar eru nokkuð sáttir með skólann og námsframboð hans. Nánari upplýsingar um skólann má finna á heimasíðu [www.fiv.is](http://www.fiv.is)

### **2. Nemendur.**

Þegar búið var að taka til á nemendalistum og kasta þeim sem ekki skiliðu sér eða hættu fljótlega, þá voru 287 nemendur í upphafi vorannar, en 268 gengu til prófs í lok annar. Á haustönn byrjuðu 301 og 279 gengu til prófs. Breyting á nemendafjölda (höfðatölu) er þá um 7% að meðaltali, sem er nokkru minna en var á árinu 2009, þá fækkaði um 12%. Nemendur ársins 2010 voru svoltið færri en árið 2009, meðal annars vegna þess að ekki voru teknir inn í kjarnagreinar nemendur sem enn voru í 10. bekk grunnskóla, samkvæmt ákvörðun MMR. Reiknaðir ársnemar voru samt 240, sem er nánast sama tala og 2009. Skipting nemenda á brautir er svipuð og verið hefur, félagsfræðibraut og náttúrufræðibraut eru með flesta nemendur (sjá nánar kafla 6, talnaefni). Kynningarfundur fyrir væntanlega nýnema haustannar var haldinn 16. apríl og var hann mjög vel sóttur. Í apríl fóru 20 nemendur og tveir kennrarar til Svíþjóðar í nemendaskiptaferð, sem gekk vel þrátt fyrir röskun á heimflugi vegna eldgosins í Eyjafjallajökli. Í byrjun haustannar kom svo svipaður hópur frá Eskilstuna og var hjá okkur í tæpa viku. Þann 21. sept. gengu 25 nemendur, þrír kennrarar og björgunarsveitarmaður, frá Skógum yfir Fimmvörðuháls og í Þórmörk. Á vorönn 2010 voru tvær kannanir lagðar fyrir nemendur. Í marsmánuði var könnun á líðan nemenda, sérstaklega miðuð við hugsanlegt einelti. Fjögur prósent (7 einstaklingar) af þeim sem svöruðu (174) töldu sig hafa upplifað einelti í einhverju formi. Við nánari greiningu

kom í ljós að þetta var oftast stríðni, illt umtal eða særandi sendingar um netið eða í síma. Þetta er samt of mikið, því skólinn hefur skýra stefnu í eineltismálum og líður ekki einelti í neinu formi. Í lok annar var lagt fyrir svonefnt skólamat, þar sem spurt er um flesta þætti skóla-starfsins, nám, kennslu, aðstöðu, starfsfólk ofl. Yfirleitt eru svör nemenda að staðfesta ánægju með skólastarfið. Niðurstöður skólamatins eru notaðar í sjálfsmati skólans og er sjálfsmatsskýrsla skólaársins 2009 – 2010 á heimasíðu skólans.

### **3. Námið.**

Skólinn rekur bæði verknámsbrautir og bóknámsbrautir, auk starfsbrautar. Einnig eru í boði ýmis námskeið, stundum í samstarfi við aðra. Í lok vorannar voru haldin námskeið fyrir skipstjórnarréttindi á allt að 12 metra bátum og til vélstjórnarréttinda á smábátum. Samtals luku 42 einstaklingar þessum námskeiðum og komu þeir víðsvegar af landinu. Endurskoðun skólanámskrár var fram haldið í tengslum við innleiðingarferli nýju framhaldsskólalaganna og gerð nýs skólasamnings. Á vorönn urðu til drög að nýrri raungreinabraut sem nú eru í vinnslu. Áfram var haldið með samstarf við Menntaskólann á Ísafirði, Fjölbautaskólann á Sauðárkróki og Verkmenntaskóla Austurlands. Einnig var haldið áfram með okkar góða samstarf við FabLab smiðju Nýsköpunarstofu Íslands í Vestmannaeyjum. Á árinu hefur verið unnið að þremur verkefnum sem ætlað er að auka fjölbreytni í námsframboði skólans. Í fyrsta lagi er það íþróttakademía sem fer af stað á vorönn 2011, í samstarfi skólans og ÍBV íþróttafélags. Í öðru lagi er skólinn, í samstarfi við fleiri skóla, að vinna verkefni sem nefnt hefur verið "Fisktækniskóli Íslands". Undir þeim hatti á að verða til samstarfsnet um kennslu og nám í veiðum, vinnslu og fiskeldi, þar sem skólanir, fyrirtæki, símenntunarstöðvar og hagsmunasamtök vinna saman. Ef allt gengur vel verður þetta nám í boði haustið 2011. Þriðja verkefnið er endurskoðun á almennu brautinni, en skólinn fékk styrk á árinu, til að þráa nýjar námsleiðir, þar sem sérstaklega er hugað að bættum vinnuvenjum, ástundun, tímaskipulagi og sjálfstæðum vinnubrögðum. Stefnt er að því að tilraunakenna þessa braut á skólaárinu 2011-2012. Ef vel tekst til, þá væntum við þess að þetta gæti orðið liður í því að draga úr brottfalli.

### **4. Kennsla og stjórnun.**

Á árinu 2010 voru starfsmenn 39 talsins, bæði á vorönn og haustönn, í rétt tæplega 29 stöðugildum. Í kennslu voru 21 (13 kk, 8 kfk), í stjórnun og námsráðgjöf voru 4 (2 kk, 2 kfk) og í öðrum störfum voru 14 (2 kk, 12 kfk). Í lok haustannar var lagt fyrir kennslumat í öllum áföngum, þar sem nemendur lögðu mat á ýmsa þætti kennslunnar, námsefnið, kennsluhætti, skipulag, vinnufrið og fleira. Í heildina eru það um 80% sem velja svarmöguleikana "til fyrirmynðar" eða "gott", 15 - 17% telja þessa þætti vera í meðallagi og 3-5% telja þetta vera lakara. Til að fá samanburð frá því fyrir kreppu, bárum við þessar niðurstöður saman við

könnun frá 2007 og þá kom í ljós, að samanteknar niðurstöður, það er fyrir ofan meðalag, í meðallagi og fyrir neðan meðallag, eru nánast alveg eins bæði árin. Ef rýnt er nánar í svörin þá kemur í ljós að svör þeirra sem eru fyrir ofan meðaltal skiptast öðruvísi, sérstaklega í þeim þáttum sem snúa alfarið að kennurunum og þeirra framistöðu. Nú velja 9 – 11% fleiri möguleikan, “ til fyrirmynðar” í staðinn fyrir gott, sem er auðvitað mjög jákvætt. Kennslumatið inniheldur margar spurningar sem notaðar eru í sjálfsmati skólans. Um miðjan september var boðað til skólaufundar, þangað sem boðaðir voru allir starfsmenn skólans og fulltrúar nemenda (sjö nemendur). Þar voru kynnt markmið og áherslur í skólastarfinu og rætt var um ásýnd skólans, félagslíf, busavígslu og skólareglur. Ákveðið var að halda annan skólaufund á vorönn 2011 og bjóða þangað fulltrúum foreldrafélags og bæjaryfirvalda. Á árinu var gerður nýr skólasamningur við MMR og í markmiðakafla samningsins eru nú endurskoðuð markmið fyrir skólann og skólastarfið. Þau eru þannig sett fram að tvö meginmarkmið gefa línuna um starfið bæði útávið og innávið. Undirmarkmið (áherslur) skýra nánar stefnu og markmið í einstaka þáttum skólastarfssins. Undirmarkmiðin eru svo tengd einum eða fleiri mælikvörðum (sjá kafla 5 í sjálfsmatsskýrslu FÍV 2009 – 2010). Unnið er að því að breyta og fjölga mælikvörðum þannig að þeir falli enn betur að hinum nýju undirmarkmiðum okkar.

## 5. Rekstur og fjármál.

Eins og á árinu 2009 var rekstur skólans mjög erfiður. Fjármagn til rekstrarar var í fjárlögum miðað við 222 ársnemendur, sem var alltof lítið, ársnemendur urðu 240. Árið 2010 er þriðja árið í röð þar sem ekki er tekið tillit til nemendaspár sem skólinn skilar inn til MMR og um leið er gerð krafa um að við gerum rekstraráætlun í takt við fjárlög. Niðurstaðan er að ekki er hægt að gera raunhæfa rekstraráætlun, sem er þó eitt af markmiðum í rekstri skólans. Á árunum 2008 og 2009 fékk skólinn aðeins brot af greiðslu fyrir umframnemendur í uppgjöri í árslok. Árið 2010 kemur betur út í nemendauppgjöri þannig að reksturinn skilar smá afgangi, en halli tveggja síðustu ára nemur tæpum 20 milljónum. Rétt er að undirstrika það, að samt hefur verið beitt stífu aðhaldi, kennsla skorin niður, nánast engin eignakaup gerð og þeir rekstrarliðir sem við ráðum, hafa flestir lækkað. Laun hafa lítið breyst en húsnæðiskostnaður (leiga og orka) hefur aukist um 10 milljónir á þessum þremur árum. Almenn hagræðingarkrafa er ekki vandamálið í okkar rekstri, heldur það að fjárlög eru ekki í takt við fjölda ársnemenda. Því miður voru sömu vinnubrögð notuð við fjárlagagerð fyrir 2011, þannig að við höfum áfram verulegar áhyggjur af rekstri skólans. Í meðfylgjandi talnaefni (kafli 6) eru rauntölur úr rekstri áranna 2008 til 2010 bornar saman og þar sést að öll þessi ár hafa fjárlagatölur á þeim tíma sem við gerum áætlun, verið mörgum milljónum of lágar.

## 6. Talnaefni.

Rekstrarkostnaður, fjárlög og afkoma undanfarin ár.

Samanburður á rauntölum 2008 -2010 og bráðabirgða áætlun 2011 (í þúsundum):

	<b>2008</b>	<b>2009</b>	<b>2010</b>	<b>„áætlun“ 2011</b>
Launakostnaður	166.104	165.470	167.513	161.834
Ferðir o.fl.	4.837	2.402	1.664	1.623
Rekstur	3.417	2.842	2.860	2.350
Þjónusta	8.048	6.405	7.122	6.300
Húsnæði + rafm og hiti	21.726	28.534	31.085	29.100
Fjárm.kostn, tilfærslur ofl	877	242	160	105
Eignakaup	3.038	701	35	3.000
Rekstrarkostnaður alls	208.047	206.596	210.439	204.312
Sértekjur	4..407	12.227	11.401	9.500
Mismunur tekna og gjalda	203.640	194.369	199.038	194.812
Fjárlög (greitt úr ríkissjóði)	164.200	171.700	174.900	184.700
Raunframlag ríkissjóðs	196.472	181.882	201.776	?
<b>Rekstrarniðurstaða:</b>	<b>-7.169</b>	<b>-12.487</b>	<b>+2.738</b>	<b>?/?</b>

### **Skipting nema eftir námsstöðu**

<i>Fjöldi lokinna eininga</i>	<i>Vor 2009</i>	<i>Haust 2009</i>	<i>Vor 2010</i>	<i>Haust 2010</i>
0-20	120	150	102	132
21-40	47	63	55	46
41-60	39	42	41	44
61-80	35	29	31	29
81-100	20	31	25	19
101-120	22	14	15	18
121-140	8	18	16	12
141-	4	2	2	1

Skipting nemenda eftir brautum					
Braut	Heiti brautar	Fjöldi vor 2009	Fjöldi haust 2009	Fjöldi vor 2010	Fjöldi haust 2010
10.bekk	Nemendur í 10 bekk	28	31		
AN	Almenn námsbraut	45	14	39	13
AN-bók	Almenn námsbraut- bóknámslína		15	15	19
AN-íþr	Almenn námsbraut - íþróttalína				8
AN-ver	Almenn námsbraut- verknámslína		6	6	5
FÉ	Félagsfræðibraut	80	96	92	99
FT	Félagsmála- og tómstundabraut.	1			
GBM	Grunnnám bygginga- og mannvirkjagr.	3			
GR	Grunnnám rafiðna	5	16	9	8
HÚ9	HÚSASMÍÐI, samningsb. iðnnám	11	11	11	1
MB	Málabraut	8	4	3	3
MG	Grunnnám í málm- og véltækni	2	4	3	2
NÁ	Náttúrufræðibraut	49	80	55	74
ÓTN	Ótilgreint nám	4	1	1	1
SJ	Sjúkraliðabraut	10	14	14	14
SK1	Skipstjórnarbraut SB, 45 metra skip	7	14	7	4
STB	Starfsbraut	2	4	4	7
VB	Viðbótarnám til stúdentsprófs	2	2	2	4
VH	Viðskipta- og hagfræðibraut	7	4	4	5
VI	Viðskiptabräut	5	1	1	1
VV1	Vélavörður	1		4	
VV2	Vélstjórnarbraut 2. stig	6	6	4	3
VVA	Vélstjórnarbraut A < 750 kW réttindi	4	3	2	3
VVB	Vélstjórnarbraut B <1500 kW réttindi	15	23	14	27
	<b>Samtals</b>	<b>295</b>	<b>349</b>	<b>287</b>	<b>301</b>

Fjöldi útskriftanema eftir brautum	FÉ	NÁ	VH	SB	SJ	VB	HÚ9	VVA	VV2	Samtals
<b>Vor 2009</b>	3	3		5	2	1			4	18
<b>Haust 2009</b>	5	15	1							21
<b>Vor 2010</b>	7	7				2	8		1	25
<b>Haust 2010</b>	6	7						1		14

Fjöldi útskriftanema eftir kyni	KVK	KK
<b>Vor 2009</b>	7	11
<b>Haust 2009</b>	17	4
<b>Vor 2010</b>	15	11 <sup>1</sup>
<b>Haust 2010</b>	11	3

Vor 2010 – Útskrift af námskeiðum	Fjöldi
Smábátanámskeið skipstjórnarmanna	31
Smábátanámskeið vélstjórnarmanna	11

<sup>1</sup> Einn útskrifaðist af tveimur brautum

	Kenndir tímar	Kenndir tímar í sérdeild m. álagi	Samtals tímar	Meðalfjöldi í hóp <sup>2</sup> Allir hópar	Meðalfjöldi í hóp <sup>3</sup> eingöngu bóknám
<b>Haust 2008</b>	516	19,5	535,5	16,7	19,9
<b>Haust 2009</b>	455,5	35,5	491	17,3	22
<b>Haust 2010</b>	463	38,5	501,5	18,2	20,4

Fjöldi nemenda í hóp <sup>4</sup> <b>Bóknám og verknám</b>	Fjöldi hópa 2008	Fjöldi hópa 2009	Fjöldi hópa 2010
5-10	12	1	15
11-15	23	21	13
16-20	22	13	13
21-25	15	19	18
26-30	8	14	11
30-	1	1	0
<b>Samtals:</b>	<b>81</b>	<b>69</b>	<b>70</b>

<sup>2</sup> Hópar í sérdeild eru ekki taldir með

<sup>3</sup> Hópar í sérdeild eru ekki taldir með

<sup>4</sup> Á haustönn